

**Nr. 19-005 S 004 Börkur NK 122****Skipverji slasast við að taka trollið**

Skipaskr.nr. 2865  
 Smíðaður: Tyrklandi, 2012, stál.  
 Stærð: 3588 bt.  
 Mesta lengd: 80,3 m Skráð lengd: 70,98 m  
 Breidd: 17,0 m Dýpt: 12,3 m  
 Vél: MAK, 4.320 Kw, 2002.  
 Fjöldi skipverja: 8



Börkur © Þór Jónsson

**Gögn:**  
 Gögn RNSA  
 Lögregluskýrsla

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 19. nóvember 2018 var Börkur NK 122 á síldveiðum með flottroll um 90 sjómílu suðvestur af Reykjanesi. Veður: 15-20 m/s og töluverður sjór.

Skipverjar voru að taka trollið og fótreiðið kom inn slitið. Skipverji var að binda upp endann á efri vængnum stjórnborðsmegin þegar vængurinn skrapp til á brík við skutrennuna og slóst af miklu afli í vinstri öxl skipverjans. Við þetta féll hann harkalega á bakið í þilfarið.

**Við rannsókn kom fram:**

- að möskvi í flottrollinu festist á brík (sjá mynd) sem var á lunningu við skutrennuna. Þegar trollið færðist yfir í bakborða losnaði möskvinn sem var þá undir miklu átaki og lenti með miklu afli í skipverjann;
- að skipverjinn fékk samfallsbrot í hryggjalið og marðist mikið á hendi en brotnaði ekki;
- að við komu til hafnar var strax farið í að breyta bríkinni á lunningunni til að koma í veg fyrir að þetta kæmi fyrir aftur.



Skipverjinn bendir á bríkina sem var ofan á lunningunni stb. megin á skut

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari umsagnar þar sem brugðist hefur verið við atvikinu með breytingum á lunningunni.